Athugasemdir frá íbúum Lækjarhjalla 16

Með tilvísun í uppfært Minnisblað 1181282-000-HMO-0001 vegna Dalvegar Umhverfisskýrsla-Umhverfismat

Það er mikil einföldun að segja að þétting byggaðar ein og sér leiði af sér vistvænni samgöngur eða samfélag, það þarf mun meira að koma til.
Það er ekki að sjá í gögnum eða teikningum framlögðum í Skipulagsgátt neinar aðgerða til styðja við vistvænar samgöngur að eða frá Dalvegi 30-32 né innan þeirra lóða.

Innviðir og aðstæður þurfa að vera til staðar til samgöngum þróist í vistvænni átt.

Eins og staðan er núna eru engir göngu eða hjólastígar innan lóðar á Dalvegi 32 og tæpast hægt að tal um göngstíg sunnan Dalvegar á þessu svæði. Núna keyrum við frá Lækjarhjalla í verslanir á Dalvegi 32 líður ekki vel að þvælast gangandi á bílastæðum og innanum bíla þar á ferð.

Þessu til viðbótar ber að hafa í huga að núverandi göngu-og hjólastígur norðan Dalvegar 32 er þröngur og beinlínis hættulegur þar sem strætó stoppistöð er á miðjum stígnum, þar ægir öllu saman, fólk með börn að bíða, gangandi fólk og hjól á hraðferð.
Einnig er töluverð slysahætta fyrir hjólandi og gangand við gatnmót Hlíðarhjalla Dalvegar þar sem þarf að stoppa og kíkja fyrir blindhorn ef á að vera öruggur.

Það er ekki nóg að taka inní myndina aukna ætlaða hjólanotkunn, það er nauðsynlegt að taka inní myndina öra þróunar á hjólum, þ.e.a.s hraðskreið rafmagshjól, breið vöruhjól, löng fjölskylduhjól eða með breiðum barna aftanívögnum o.s.f.v. Það kallar á breiðari sérstaka hjólastíga og aðskildar hjólastefnur.

Tillaga:

- Auk göngustíga beggja vegna Dalvegar er eðlilegt að sér aðskilinn hjólastígur með aðskildum hjólastefnum kæmi frá undirgöngum undir Nýbýlaveg í gegnum lóðirnar Dalveg 32 og 30 með viðeigandi hliðar tenginum og áfram yfir væntanlega brú vestan Dalvegar 30. Gera þarf ráð fyrir bæði sér hjólastíg og sér göngustíg á brúnni og góðri tengingu við stíg undir brúnni
- Í bílakjöllurum ætti að gera kröfu um að hluti kjallar væri notaður fyrir reiðhjólstæði, athuga að reiðhjól með aftaní vagni fyrir börn þarf pláss á við ca. hálfan bíl. Gera ætti kröfu um yfirbyggð hjólaskýli með góðum hjólastöndum við byggingar/fyrirtæki fyrir viðskiptavini ekki síður en fyrir stafsfólk.

Sigurður Leópoldsson 290657 3189
Hafdís Hrönn Ottósdóttir 090757 7419
Lækjarhjalla 16
200 Kópavogur
sleopoldsson@gmail.com

Skjal sótt af '0000000000' dags: 23.11.2026